

## GJALDSKRÁ

### fyrir Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs.

#### 1. gr.

Hitaveitan selur heitt vatn til íbúðarhúsa og smærri notenda úr veitukerfi sínu eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð fyrir Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs.

#### 2. gr.

Vatnsrennsli að hitunarkerfi og neysluvatnslögn húss skal takmarkað um stillanlega hemla og miðast gjald hitaveitunnar við það magn sem hemill fyrir hitunarkerfi húss er stilltur á.

#### 3. gr.

Lágmarksrennsli fyrir hvern notendahóp er sem hér segir:

1) einbýlishús án bílskúrs	3 l/mín.
2) einbýlishús með bílskúr	4 l/mín.
3) sumarhús	2,5 l/mín.
4) iðnaðarhúsnæði	2,5 l/mín.
5) lögbýli	4 l/mín.

Lögbýli hafa kauprétt á allt að 15 l/mín.

#### 4. gr.

Hver lítri á mínútu kostar kr. 16.800 á ári, án fastagjalds og virðisaukaskatts. Notendur sem kaupa 4 l/mín. eða minna greiða einnig fastagjald kr. 7.548 á ári, auk virðisaukaskatts.

#### 5. gr.

Fyrirtækjum býðst að gera samninga um fastan lítrafjölda eftir hemli, en geta að auki keypt vatn samkvæmt rennismæli vegna tímabundinnar notkunar. Geri fyrirtæki slíkan samning greiðir viðkomandi fyrir allt vatnið kr. 54,57 fyrir rúmmetra vatns án virðisaukaskatts, en að lágmarki samkvæmt samningi um fastan lítrafjölda.

#### 6. gr.

Stofngjöld fyrir Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs eru sem hér segir:

a) fyrir lögbýli með búrekstur	kr. 1.778.429
b) fyrir íbúðarhús	kr. 470.746
c) fyrir sumarhús	kr. 331.821
d) fyrir aðra aðila	kr. 118.000 á mínútulítra

#### 7. gr.

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eins og hann er samkvæmt lögum á hverjum tíma. Gjaldskrá þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytinu, 24. mars 2003.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Kristján Skarphéðinsson.*